

Skólaráð Naustaskóla

Fundargerð: ágúst 2021

Mættir:

Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir
Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Stjórn foreldrafélagsins
Fulltrúar starfsmanna:

Dagskrá og afgreiðslur:

Bréf frá foreldrafélagi Naustaskóla tekið til umræðu.

1. Agastefna skólans og jákvæður agi.

Foreldrar hafa áhyggjur af agaleysi nemenda og vilja styðja við skólann og kennara til þess að útrýma agavanda og einelti á mið- og unglíngastigi.

2. Einelti, farvegur þeirra mála og Skólapúlsinn.

Foreldrar hafa áhyggjur af því að ákveðinn hópur drengja á miðstigi hafi sig mikið í frammi og rætt hvernig hægt er að stoppa þessa hegðun, með aðkomu foreldra og skólans sem og huga þarf vel að samskiptum barna á yngsta stigi.

3. Jákvæður agi og einelti

Mikilvægt að fara yfir stefnu Jákvæðs aga og vera með fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra.

4. Tilkynna einelti. Hnappur á heimasíðu skólans kynntur

Foreldrafélag vil hrista bekkir saman með hópefli t.d. og strax í byrjun skólaárs og þess vegna fá foreldra með. Bindum vonir við að Covid 19 verði á undanhaldi næsta skólaár og að foreldrasamfélagið geti meira komið inn í skólann og stutt þannig við nemendur og stjórnendur í eineltis- og aga málum.

Settur hefur verið hnappur á heimasíðu skólans þar sem hægt er að tilkynna einelti eða grun um einelti.

5. Tillögur að stuðningi - Fræðsla fyrir nemendur og starfsfólk

Hugmynd um að fá Vöndu Sig. til að vera með fræðslu um árangursrík samskipti fyrir nemendur, foreldra, kennara og stjórnendur. Einnig að halda fund í hverjum nemendahópi ásamt foreldrum og kennurum og ræða ef grunur vaknar um einelti í hvaða farveg málið fer og hvernig börn geta látið vita.